


## Skýrsla stjórnar.



Starfsemi Hörpu hófst með tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands 4. maí 2011 og í kjölfarið var formleg opunarhátíð. Á þeim tíma sem liðinn er síðan hefur Harpa sannað gildi sitt sem tónlistar- og ráðstefnuhús á heimsmælikvarða. Húsið er sannkallað listaverk og hefur fengið virtar alþjóðlegar viðurkenningar m.a. fyrir arkitektúr og fyrir hljómburð í Eldborg. Með opnun Hörpu varð bylting í tónlistarlífi landsmanna og segja má að Harpa sé nú miðpunktur í

menningarlífi þjóðarinnar.

En það hefur gengið á ýmsu þessi fyrstu ár og reksturinn verið þyngri en áætlanir lögðu upp með. Það er þversögn í eigendastefnunni þar sem annars vegar er fjallað um hið mikilvæga hlutverk og markmið Hörpu um að efla tónlistar- og menningarlíf landsmanna og hins vegar um sjálfbæran rekstur, sem felur í sér að reksturinn geti staðið undir dýrum húsnæðiskostnaði, svo sem viðhaldi og fasteignagjöldum, ásamt þjónustu. Stjórnin hefur unnið út frá því að nýta fjármuni sem best og var niðurstaða stefnumótunarvinnu Hörpu frá árinu 2015 m.a. að stjórnendur myndu beita sér fyrir því að bæta reksturinn um 200 mkr með auknum tekjum og rekstrarumbótum á 5 ára tímabili til ársins 2020. Þannig bæri að fylgjast vel með framlegð viðburða og bestun á rekstrarmódeli samhliða aukinni nýtingu hússins. Skemmst er frá því að segja að þau áform hafa ekki staðist. Þrátt fyrir áherslu á auknar tekjur og minnkandi kostnað þá hefur kostnaður aukist umtalsvert umfram tekjur. Eins og fram kemur í ársuppgjöri ársins 2016 var taprekstur samstæðunnar um 670 mkr. Þetta eru gríðarleg vonbrigði og skrifast á nokkra þætti í móðurfélaginu, m.a. háan útleigukostnað, háan rekstrarkostnað fasteignarinnar og alltof há fasteignagjöld.

Hæstiréttur dæmdi í fasteignagjaldamáli Hörpu 25. febrúar 2016 og talið var að

dómurinn myndi leiða til umtalsverðrar lækkunar fasteignagjalda, jafnvel í kring um 50%<sup>2</sup> Í meðförum Þjóðskrár, sem skilaði niðurstöðum sínum átta mánuðum síðar, var útfærslan önnur en dómur Hæstaréttar sagði til um. Niðurstöðu Þjóðskrár var andmælt af hálfu Hörpu og kom svo svar aftur frá Þjóðskrár í lok árs um að niðurstaðan myndi standa. Stjórn Hörpu áfrýjaði niðurstöðu Þjóðskrár til yfirfasteignamatshæstaréttar í janúar 2017 sem skilaði sínum úrskurði 31. ágúst sl. um einu og hálfu ári eftir að dómurinn féll í Hæstarétti. Fasteignamatið frá 2016 var felld úr gildi og Þjóðskrár falið að vinna nýtt mat. Málið er því aftur komið í hendur Þjóðskrár og óvíst er með framvindu þess og þar með endanlega niðurstöðu.

Í desember 2016 tilkynnti Halldór Guðmundsson þáverandi forstjóri Hörpu að hann myndi hverfa til annarra starfa. Stjórn þakkar Halldóri fyrir helgun hans að verkefninu sl. 5 ár. Segja má að hann hafi tekið við nýju tónlistar- og menningarhúsi Þjóðarinnar sem bundnar voru miklar vonir við og skilað því af sér iðandi af mannlífi þannig að fæstir efast nú um sérstöðu og mikilvægi Hörpu í menningarlífi landsmanna.

Þann 22. febrúar 2017 var kynnt ráðning nýs forstjóra, Svanhildar Konráðsdóttur. Stjórn óskar henni og samstarfsmönnum farsældar í starfi. Þegar Svanhildur tók við sem forstjóri var hennar fyrsta verk að hefja viðamikla greiningu á starfsemi Hörpu enda reksturinn þungur eins og fram hefur komið. Á þessum framhaldsaðalfundi nú í septemberbyrjun 2017 blasa við fjögur helstu forgangsverkefni Hörpu til næstu ára sem að mati stjórnar og forstjóra eru að (1) bæta reksturinn (2) létta af rekstrinum gríðarlega þungum kostnaðarþáttum sem snerta fasteignina s.s. viðhaldi og endurfjárfestingu og í því sambandi er rétt að kanna hvort aðskilja beri rekstur fasteignar frá rekstri Hörpu, (3) skerpa á eigendastefnu og þá sérstaklega með það í huga hvaða menningarlega hlutverki Harpa á að þjóna og (4) tryggja nægilegt eigið fé Hörpu.

### **1. Umbætur í rekstri**

Farið var af stað með umfangsmikla greiningarvinnu í byrjun sumars 2017 til að auka skilvirkni rekstrar. Markmiðin eru að reksturinn sé ábyrgur, hann einkennist af ríkri kostnaðarvitund og fagmennsku. Stefnt er að því að finna frekari tekjustrauma um leið og hagrætt verði í kostnaði. Vinnan gengur vel og þegar hafa verið gerðar umtalsverðar breytingar á verklagi við skammtímaleigu sem er stærsti einstaki starfsþátturinn í rekstri Hörpu.

### **2. Aðskilnaður fasteignar og reksturs Hörpu?**

Rekstrarmódel Hörpu með væntingum um sjálfbæran rekstur mun ekki ganga upp miðað við menningarlegt hlutverk og markmið Hörpu eins og það birtist í eigendastefnu félagsins. Harpa verður ekki rekin með sjálfbærum hætti án þess að það komi verulega niður á viðhaldi húss og búnaðar, sem og menningarlegu hlutverki. Kanna þarf hvort

tímabært og skynsamlegt sé að aðskilja rekstur fasteignar frá rekstri Hörpu, þannig að **3** sérstakt félag annist húsið, m.a. viðhaldskostnað, fasteignagjöld og annan húsnæðiskostnað. Þó er það þannig að hvernig sem rekstrinum verður háttað er mikilvægasta verkefnið í þessu samhengi að fjármagna og koma á markvissu fyrirbyggjandi viðhaldi til að tryggja megi verðmæti hússins sem best.

### **3. Eigendastefna og hlutverk Hörpu**

Hlutverk Hörpu er skilgreint í eigendastefnu félagsins. Eins og áður kom fram er mikilvægt að horfast í augu við þá staðreynd að markmið sem þar koma fram um sjálfbæran rekstur og framlegð stangast verulega á við rekstrarlegan veruleika og markmið eigendastefnunnar um eflingu íslensks tónlistar- og menningarlífs. Frá fyrstu tíð hafa landsmenn og þó sérstaklega tónlistarmenn bundið miklar vonir við starfsemi Hörpu, hún er hús tónlistar á Íslandi og heimili Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Íslensku óperunnar. Í núverandi eigendastefnu kemur skýrt fram að hlutverk Hörpu er að vera vettvangur fyrir tónlistar- og menningarlíf sem og hvers konar ráðstefnur, fundi og samkomur, innlendar og erlendar. Þá kemur fram það markmið eigenda með byggingu og rekstri tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu sé að efla íslenskt tónlistar- og menningarlíf. Ef Harpa á að standa undir þessu markmiði eigenda, þá þarf að hnykkja á því í eigendastefnunni og útfæra leiðir til að styðja fjárhagslega við það markmið.

### **4. Eigið fé**

Tryggja þarf rekstrarhæfi Hörpu og ekki síst þarf að byggja upp eigið fé félagsins. Smá saman verður varpað betra ljósi á reksturinn á komandi mánuðum og þegar sér til enda á greiningarvinnunni sem nú er í framkvæmd þarf að ákveða með hvaða hætti má tryggja að eigið fé félagsins verði viðunandi.

Núverandi stjórnarformaður og tveir stjórnarmenn munu víkja sæti og viðtakandi stjórn eru færðar óskir um velgengni í þeim viðfangsefnum sem fram undan eru. Einnig fylgja kærar þakkir til forstjóra, bæði fyrrverandi og núverandi, fyrir gott samstarf og til starfsmanna Hörpu sömuleiðis fyrir þeirra góða starf. Nú þegar Harpa er um það bil að slíta barnsskónum þá er mikilvægt að eigendur standi með húsinu við lausn ofangreindra verkefna. Blómlegt og fjölbreytt tónlistar- og menningarlíf á Íslandi á mikið undir og nú ríður á að ganga hreint til verks og tryggja farsæla framtíð Hörpu í þágu þjóðar.

Reykjavík 11. september 2017

Guðfinna S. Bjarnadóttir  
Stjórnarformaður Hörpu.